



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/294
komudagur 21.11.2007

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 16. nóvember 2007
2007110142/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun með síðari breytingum.

Frumvarp þetta lýtur að því að gera íslenskum vísindamönnum kleift að stunda rannsóknir á stofnfrumum, sem fram að þessu hafa verið nokkrum annmörkum bundnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að banni núgildandi laga um notkun fósturvísa til þess að búa til stofnfrumulínur verði aflétt að hluta þannig að heimilt sé að nota umframfósturvísa í þessum skyni. Umframfósturvísar eru fósturvísar sem gerðir voru til glasafrjóvgunar, en ekki notaðir og yrði að öðrum kosti fleygt. Hins vegar verði óheimilt að rækta eða framleiða fósturvísa í þeim tilgangi einum að gera á þeim rannsóknir, með öðrum orðum er heimildin bundin við umframfósturvísa.

Samkvæmt núgildandi lögum er einræktun eða klónun bönnuð. Frumvarpið gerir áfram ráð fyrir því að klónun í æxlunartilgangi verði bönnuð enda er það í samræmi við alþjóðlega sáttmála að því leyti, auk þess sem fæstir fallast réttilega á slíkt af siðferðilegum ástæðum. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að unnt sé að framkvæma kjarnaflutning í þeim tilgangi að búa til stofnfrumulínur sem nýst geta til lækninga eða til að afla þekkingar í líf- eða læknisfræði. Hins vegar er bannað að koma eggfrumu, sem í hefur verið fluttur kjarni úr frumu annars manns, fyrir í legi konu. Jafnframt skulu ekki gerðar rannsóknir á fósturvísu sem eldri eru en 14 daga en þá koma fram fyrstu merki um svonefnda frumrák (primitive streak) en hún er fyrsti vísir að taugakerfi.

Undirritaður var í þeirri nefnd sem undirbjó þetta lagafrumvarp. Ljóslega er hér um mikið og nauðsynlegt framfaraskref að ræða. Rök nefndarinnar fyrir þessum breytingum eru ítarlega raktar í greinargerð með frumvarpinu og skulu þau ekki endurtekin hér. Einfaldlega er eindregið lagt til að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllt,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir